




FRAMVEGIS 

 Miðstöð símenntunar

NÁMSKRÁ SJÚKRALÍÐA VOR 2018

STARFSFÓLK

Helga Tryggvadóttir,
náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri, helga@framvegis.is

Ingibjörg Kristinsdóttir,
náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri, ingibjorg@framvegis.is

Líney Jóhannesdóttir,
verkefnastjóri, liney@framvegis.is

Vigdís Þyri Ásmundsdóttir,
framkvæmdastjóri, vigdis@framvegis.is

STJÓRN

Birna Ólafsdóttir, formaður

Bryndís Theodórsdóttir, meðstjórnandi

Guðrún Lárusdóttir, meðstjórnandi

Jakobína Þórðardóttir, meðstjórnandi

Jóhanna Þórdórsdóttir, meðstjórnandi

VARAMENN

Árni Stefán Jónsson, Jóhanna Traustadóttir, Guðrjúður Sigurbjörnsdóttir



FAGRÁÐ UM SÍMENNTUN HEILBRIGÐISSTÉTTA

Anna Björg Aradóttir, hjúkrunarfræðingur og fagstjóri hjá Embætti landlæknis
Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri og formaður fræðslunefndar Sjúkraliðafélags Íslands
Guðrún Hildur Ragnarsdóttir, kennslustjóri sjúkraliðabrautar Fjölbrautaskólans við Ármúla
Svava Þorkelsdóttir, mannauðsstjóri hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
Salbjörg Bjarnadóttir, geðhjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri hjá Embætti landlæknis
Þórleif Drífa Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá mannauðsdeild Landspítala Háskólasjúkrahúss

Útgefandi: Framvegis - miðstöð símenntunar í Reykjavík • Skeifan 11b • 108 Rvk • 581 1900 • www.framvegis.is
Ábyrgðarmaður: Vigdís Ásmundsdóttir
Hönnun og umbrot: Prentun.is
Allar upplýsingar í bæklingnum eru birtar með fyrirvara um prentvillur

FRAMVEGIS - MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR

Framvegis er framsækin símenntunarmiðstöð með það að markmiði að bjóða metnaðarfullt nám fyrir fullorðna og námskeið sem svara þörfum atvinnulífsins. Hjá Framvegis er námsmaðurinn í fyrirrúmi og lögð áhersla á að hann eigi jákvæða og lærdómsríka upplifun. Framvegis hefur hlotið gæðavottunina European Quality Mark (EQM) sem staðfestir að miðstöðin starfi samkvæmt evrópskum kröfum um gæði fræðsluaðila.



GÆÐAVOTTUN
FRÆDSLUAÐILA

FJARKENND NÁMSKEIÐ

Öll námskeið eru kennd á staðnum en á sumum þeirra er boðið upp á fjarkennslu. Með fjarkennslu gefst sjúkraliðum um allt land kostur á að sækja námskeið óháð staðsetningu. Námskeiðin fara fram á ákveðnum tímum og er kennslan háð því að þátttakendur fylgist með í rauntíma. Til þess að geta tekið þátt í fjarkennslu hjá Framvegis þarf eftirfarandi búnað: Nýlega tölvu, góða nettengingu, vefmyndavél (ath. á aðeins við ef þú vilt vera sýnileg/ur í stofunni). Ath! Ekki er hægt að tengjast fjarkennslunni með stýrikerfi eldra en 2007 (t.d. Windows XP, Windows Vista). Starfsfólk Framvegis er að sjálfsögðu reiðubúið að aðstoða eftir þörfum.



Námskeið sem í boði eru í fjarnámi eru merkt á eftirfarandi hátt.

SKRÁNING Á NÁMSKEIÐ

Skráning fer fram á vefsíðu Framvegis www.framvegis.is en einnig er hægt að hringja í síma 581-1900 og mun starfsfólk leggja sig fram um að aðstoða þig og svara þeim spurningum sem kunna að koma upp. Af gefnu tilefni eru þátttakendur beðnir um að fylgjast með tölvupósti sínum eftir skráningu. Upplýsingaflæði fer fram í gegnum tölvupóst og er mikilvægt að netfang sé rétt skráð.

Framvegis áskilur sér í öllum tilfellum rétt til að innheimta kr. 5.000 í umsýslugjald vegna afboðana sem berast seinna en þremur virkum dögum áður er námskeið hefist.

NÝTT HEILABILUN

Markmið: Að þátttakendur öðlist þekkingu á þeim sjúkdómum sem heyra undir heilabilun, helstu einkenni, þróun sjúkdóma og hvaða þjónustu fólk þarf á hverju sjúkdómsstigi.

Lýsing: Fjallað verður um þá sjúkdóma sem heyra undir heilkennið heilabilun þar sem Alzheimerssjúkdómurinn er algengastur. Rætt verður um helstu einkenni, tíðni og hvernig greiningu er háttað. Þá verður farið yfir hvaða þjónusta er þörf á hverju stigi og hver munurinn er að starfa á heimilum fólks og á hjúkrunarheimilum.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Hanna Lára Steinsson, félagsráðgjafi M.A., M.S.

Tími: 30. janúar, 1. og 6. febrúar
Klukkan: 17:00 – 21:00
Lengd: 15 punktar
Verð: 35.000 kr.

NÝTT SÁLFÉLAGSLEG VINNUVERND Í HEILBRIGÐISGEIRANUM



Markmið: Að sjúkraliðar þekki helstu hugtök vinnuverndarfræða líkt og starfsánægju, sálfélagslegt vinnuumhverfi, veikindafjarveru og veikindanáveru.

Lýsing: Á þessu námskeiði verður fjallað um áhrif starfsumhverfis á liðan og heilsu. Sagt verður frá þeim möguleikum á forvörnum og geðheilsuefingu sem felast í markvissri vinnu við mannauðinn. Kennit verður hvernig efla má samskipti og draga úr hættu á óeðlilegum og óheppilegum samskiptum og hindra kynbundið áreiti og einelti. Farið verður yfir vinnuverndarlög og önnur lög sem máli skipta og fjallað um ábyrgð starfsmanna og yfirmanna.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Dr. Ólafur Þór Evarsson geðlæknir hjá Forvörnum og Streituskólanum, www.stress.is.

Tími: 5. febrúar
Klukkan: 17:00 – 22:00
Lengd: 6 punktar
Verð: 14.500 kr.



NÝTT NÚVITUND OG SAMSKIPTI VIÐ SKJÓLSTÆÐINGA

Markmið: Að þátttakendur geti nýtt sér núvitund í daglegu lífi og í starfi með sjúklingum.

Lýsing: Farið verður í grunnatriði núvitundarhugleiðslu. Gerðar verða stuttar æfingar í hugleiðslu, gangandi hugleiðslu og líkamsskönnun. Rannsóknir sýna í vaxandi mæli að iðkun núvitundarhugleiðslu yfir undir andlega og líkamlega vellíðan og auðveldar okkur að takast á við áskoranir og verkefni í lífi og starfi. Mælt er til að þátttakendur æfi sig milli tíma.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Helena Bragadóttir hjúkrunarfræðingur á geðsviði LSH, hefur lokið leiðbeinendanámskeiði frá Mindfulness Association í Skotlandi.

Tími: 7., 14., 21., og 28. febrúar
Klukkan: 17:00 – 19:00 (athugið tvær klst.)
Lengd: 10 punktar
Verð: 24.000 kr.

NÝTT SÁL RÆN SKYNDIHLJÁL OG MANNLEGUR STUÐNINGUR Í STARFI SJÚKRALIÐA

Markmið: Að sjúkraliðar geri sér betur grein fyrir eðlilegum andlegum sem og líkamlegum viðbrögðum fólks sem lendir í sársaukafullum aðstæðum og læri hvernig best er að veita stuðning og umhyggju þegar þess er þörf.

Lýsing: Á námskeiðinu verður farið í skilgreiningar á áfalli, sorg, þroska- og lífskreppu. Afleiðingu og einkenni þessara þátta. Kennit verður hverjir þurfa á sálrænni skyndihjál að halda og hvernig hún er veitt við mismunandi aðstæður. Einnig er fjallað um samskiptatækni, virka hlustun og æskileg tjáskipti við erfiðar aðstæður.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Ásta Kristín Gunnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur, EMPH, MS.

Tími: 8. febrúar
Klukkan: 17:00 – 22:00
Lengd: 6 punktar
Verð: 14.500 kr.





GEÐHEILSA OG GEÐHEILSUEFLING



Markmið: Að sjúkraliðar þekki helstu geðsjúkdóma, hvernig þeir eru greindir og meðhöndlaðir.

Lýsing: Á námskeiðinu verður fjallað um geðheilsu og geðsjúkdóma út frá geðheilsueflingu og forvörnum. Sagt verður frá flokkunarkerfum geðsjúkdóma, hvernig sjúkdómarnir myndast, hvernig þeir eru greindir og meðhöndlaðir og hvað sé hægt að gera til að vernda geðheilsuna og koma í veg fyrir veikindi. Farið verður yfir hvernig heilinn starfar og sagt frá nýjustu uppgötvunum á starfssemi heilans. Hluti fræðslunnar verður um geðheilbrigði á vinnustaði en það var þema alþjóðlegu heilbrigðisstofnunarinnar (WHO) fyrir árið 2017.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Dr. Ólafur Þór Ævarsson geðlæknir hjá Forvörnum og Streituskólanum, www.stress.is.

Tími: 12. febrúar
Klukkan: 17:00 – 22:00
Lengd: 6 punktar
Verð: 14.500 kr.

NÝTT KYNFERÐISLEGT ÁREITI Á VINNUSTAÐI „VALD, VÍSINDI OG FORVARNIR“



Markmið: Að auka skilning þátttakenda á hvað kynferðislegt áreiti felur í sér og hver áhrif þess geta verið á einstaklinga, vinnustaði og almennt í samfélaginu.

Lýsing: Á námskeiðinu verður fjallað um helstu birtingamyndir kynferðislegs áreitiss og tengsl þess við hugtakið vald. Hugað verður að skaðsemi þess almennt á vinnustaði, þolendur, fjölskyldur og aðstandendur þeirra. Hugtök verða skýrð og þátttakendur fá innsýn í hvernig vísindasamfélagið getur brugðist við, þróað og byggt upp aðferðir, sem leitt geta til viðhorfsbreytinga.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Dr. Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir, sérfræðingur í félagsráðgjöf á heilbrigðisviði hjá Meðferðar- og Fræðslusetri Forvarna og Streituskólans. www.stress.is

Tími: 15., 22. og 27. febrúar
Klukkan: 17:00 – 21:00
Lengd: 15 punktar
Verð: 35.000 kr.

NÝTT HJÚKRUN OG MEÐFERÐ LUNGNASJÚKDÓMA



Markmið: Að auka þekkingu á starfsemi lungna, einkennum lungnasjúkdóma og helstu áhersluatriðum í hjúkrun og meðferð þeirra. Meta getu sjúklinga til að nota innöndunarlyf. Þekkja mikilvægi þess að meta lífsmörk, öndun, næringarástand, byltuhættu, húð og fleiri mikilvæga þætti sem geta haft áhrif á bata og framvindu sjúkdóms.

Lýsing: Á námskeiðinu verður fjallað um eðlilega starfsemi lungna og þær afleiðingar sem sjúkdómur í lungnum valda. Einnig verður fjallað um mat á einkennum og hjúkrun lungnasjúklinga í bráðum og langvinnum aðstæðum og hvaða helstu afleiðingar lungnasjúkdómar geta haft á líf og líðan sjúklinga. Kennslan verður á formi fyrirlestra, stuttra myndbanda og umræðna.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Þorbjörg Sóley Ingadóttir, sérfræðingur í hjúkrun lungnasjúkdóma.

Tími: 19. og 20. febrúar
Klukkan: 17:00 – 21:00
Lengd: 10 punktar
Verð: 24.000 kr.

NÝTT ÞÁTTUR BÓLGU Í OFFITU OG MEÐFERÐ



Markmið: Að auka þekkingu sjúkraliða á offitu-sjúkdómnum, orsökum, einkennum og afleiðingu. Fá innsýn í þá nálgun sem beitt er í meðferð við offitu í dag og hvar sjúkraliðar geti látið til sín taka.

Lýsing: Á námskeiðinu verður farið í skilgreiningu á offitu, fjallað vítt og breitt um bólgur, orsakir og þær breytingar sem orðið hafa á síðustu áratugum sem ýta undir offituvandann. Fjallað um sýn samfélagsins á vandann. Sagt frá þeirri meðferð sem í boði er. Fjallað um stöðu einstaklings með offitu innan heilbrigðiskerfisins.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinendur: Hildur Thors, læknir og Olga Björk Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur á offitusviði Reykjalundar.

Tími: 5. mars
Klukkan: 17:00 – 22:00
Lengd: 6 punktar
Verð: 14.500 kr.





NYTT **ÁLAG Í SAMSKIPTUM Í HEILBRIGÐISGEIRANUM** 

Markmið: Að auka skilning þátttakenda á því álagi sem starfsmenn búa við í samskiptum í störfum sínum við heilbrigðisþjónustu. Rannsóknir sýna að viðvarandi álag getur haft slæm áhrif á heilsu og leitt til ýmissa félagslegra, andlegra og líkamlegra einkenna.

Lýsing: Á námskeiðinu verður fjallað um algengar orsakir og helstu birtingamyndir álags. Hugað verður að samvinnu og samskiptum innan heilbrigðisþjónustu og samskiptum við notendur þjónustunnar. Farið verður í helstu áhættu- og álagspætti og þátttakendur fá þjálfun í að þekkja helstu álagssvalda og álagseinkenni. Þá verður fjallað um hvernig er best að undirbúa sig og takast á við álag í samskiptum og að byggja upp jákvæð og gefandi samskipti. Þátttakendur fá þjálfun í að finna lausnir á viðfangsefnum með það að markmiði að bæta líðan, styrkjast í starfi og auka lífsgæði.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Dr. Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir, sérfræðingur í félagsráðgjöf á heilbrigðissviði hjá meðferðar og fræðslusetri Forvarna og Streituskólans, www.stress.is.

Tími: 8., 15. og 22. mars
Klukkan: 17:00 – 21:00
Lengd: 15 punktar
Verð: 35.000 kr.

SÁR OG SÁRAMEÐFERÐ

Markmið: Að auka þekkingu sjúkraliða á sárum og sárameðferð og dýpka skilning þeirra á andlegum þáttum sem tengjast slysum og langvarandi sjúkdómum.

Lýsing: Fjallað verður um líffræði húðar, gróningu sára, helstu tegundir sára, meðferð, umbúðir og eiginleika þeirra. Verklef kennsla í umbúðalögum. Farið í áhættuþætti sem tengjast blóðsmíti og loks fjallað um það hvernig andlegir þættir geta haft áhrif á bata sjúklings.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Linda Björnsdóttir hjúkrunarfræðingur á LSH.

Tími: 12., 13. og 14. mars
Klukkan: 17:00 – 21:00
Lengd: 15 punktar
Verð: 35.000 kr.

SYKURSÝKI OG NÆRING



Markmið: Að auka þekkingu sjúkraliða á sykursýki og helstu áhersluatriðum varðandi næringu sykursjúkra.

Lýsing: Á námskeiðinu verður farið yfir mismunandi tegundir sykursýki og helstu áhersluatriði varðandi mataræði hvers hóps fyrir sig með tilliti til tegundar sykursýki, lyfja, aldurs o.fl.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Óla Kallý Magnúsdóttir næringarfræðingur á LSH og doktor í næringarfræði.

Tími: 20. og 21. mars
Klukkan: 17:00 – 21:00
Lengd: 10 punktar
Verð: 24.000 kr.

NYTT **ENGIN HEILSA ER ÁN GÆÐHEILSU - MAT Á ÞUNGLYNDI OG SJÁLFSVÍGHÆTTU** 

Markmið: Að sjúkraliðar finna að þeir geti nýtt menntun sína og reynt á uppbyggilegan hátt til að sinna fólki með þunglyndi en þunglyndi er einnig fylgiskur margra líkamlegra sjúkdóma og því vert að gefa gaum.

Lýsing: Á námskeiðinu verður fjallað um margbreytileika þunglyndis, helstu orsakir, einkenni, samskipti, lífsógnandi hugsanir/gjörðir og bataferli. Rætt verður um hvernig hægt er að nálgast einstaklinga á öllum aldri á batahvetjandi hátt með því að mæta einstaklingum þar sem hann er staddur. Lagt verður upp með að ræða um mikilvægi hlustunar, fræðslu, uppbyggilegan lífsstíl, tengslamyndun og sjálfstæði einstaklingsins í sínu nærsamfélagi.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Salbjörg Bjarnadóttir geðhjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri hjá Embætti landlæknis.

Tími: 5., 10. og 12. apríl
Klukkan: 17:00 – 21:00
Lengd: 15 punktar
Verð: 35.000 kr.





Markmið: Að sjúkraliðar fái innsæi í mismunandi birtingamyndir kvíða og hvernig hann stjórnar líðan og hegðun einstaklinga. Einnig að kynna aðferðum til að fyrirbyggja kvíða og leiðum til að takast á við hann.

Lýsing: Fjallað verður um tegundir kvíða og hvernig hann kemur fram í líkamlegum einkennum og hegðun. Áhersla er lögð á að skoða kvíða hjá skjólstæðingum sjúkraliða og kenndar leiðir til að hafa áhrif á líðan þeirra. Einnig verður fjallað um ýmis bjargráð sem fagaðilar nota til að vinna almennt með kvíða. Sérstök áhersla er á notkun hugrænnar atferlismeðferðar og núvítundar. Námskeiðið byggist á fyrirlestur, umræðum, hóp- og einstaklingsverkefnum.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Magnea B. Jónsdóttir sálfræðingur á Landspítala.

Tími:	16. og 23. apríl
Klukkan:	17:00 – 21:00
Lengd:	10 punktar
Verð:	24.000 kr.



STÖÐUGAR UMBÆTUR Í HEILBRIGÐISGEIRANUM - LEAN HEALTHCARE / STRAUMLÍNUSTJÓRNUN

Markmið: Að þátttakendur öðlist þekkingu á Lean Healthcare / straumlínustjórnun.

Lýsing: Á námskeiðinu verður farið yfir grundvallaratriði og hugmyndafræði Lean og hvernig hún getur aukið öryggi og skilvirkni á vinnustöðum. Lean eða straumlínustjórnun snýr að því að skoða og setja þarfir sjúklingsins í öndvegi. Með því að hafa sjúklinginn í öndvegi verður áhersla á minni sóun, bætt flæði og jafnt álag. Lean snýst þó líka um breytta menningu, aukna þátttöku starfsmanna í umbóta- starfi, stjórnendur séu sýnilegri og veiti endurgjöf, meiri teymisvinnu o.fl. Farið verður yfir nokkur verkfæri sem auðvelt er að nota í umbótarstarfi.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Ósk Sigurðardóttir iðjuþjálfari og verkefnastjóri MPM á verkefnastofu Landspítala.

Tími:	17. apríl
Klukkan:	17:00 – 22:00
Lengd:	6 punktar
Verð:	14.500 kr.

LÍFSTÍLSSJÚKDÓMAR OG LÍFSSTÍLSLYF



Markmið: Að auka þekkingu sjúkraliða á lífsstíllsjúkdómum sem taldir eru ein algengasta dánarorsök fólks í heiminum. Fjallað verður um þau úrræði sem nota má í baráttunni við þessa sjúkdóma, m.a. lífsstílslyf.

Lýsing: Fjallað er um helstu lífsstíllsjúkdóma m.a. sykursýki 2, offitu, krabbamein, langvinnna lungnateppu, þunglyndi, æðakölkun og Alzheimer. Einnig er fjallað um leiðir til að fyrirbyggja þessa sjúkdóma, lífsstílslyf og ýmis úrræði í baráttu við þessa kvilla, t.d. hreyfiseðla, mælingar á blóðþrýstingi/blóðsykri og rafrettur.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Bryndís Þóra Þórsdóttir lyfjafræðingur.

Tími:	7. og 8. maí
Klukkan:	17:00 – 21:00
Lengd:	10 punktar
Verð:	24.000 kr.



Nýtt upphaf - Tækifæri við starfslok

Við starfslok er mikilvægt að vera upplýstur um réttindi sín ásamt því að lita framtíðina björtum augum. Þá gefast fjölmörg ný tækifæri til að dýpka þekkingu sína á ýmsum sviðum, læra eitthvað nýtt og jafnvel uppgötva ný áhugamál.

Framvegis – miðstöð símenntunar býður þeim sem farnir eru að huga að þriðja skeiði ævinnar upp á fjölbreytt og spennandi námskeið, bæði til gagns og gamans.

Viðfangsefni námsins

- Réttindi og skyldur við starfslok (m.a. lífeyrisgreiðslur, eigin réttindi og samspil tekna við greiðslur Tryggingastofnunar).
- Æskileg hreyfing og næring á efri árum (hvað getur aukið líkamlega og andlega vellíðan?).
- Tölvulæsi og samskiptaleiðir í gegnum netið.
- Handverk, hönnun og afþreying (s.s. myndlist, ritun og/eða matargerð).

Leiðbeinendur eru allir sérfræðingar á sínu sviði.

Námskeiðin eru einkum ætluð þeim sem eru að nálgast starfslok eða hafa nýlega sagt skilið við vinnumarkaðinn.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Framvegis, framvegis.is



NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Náms- og starfsráðgjafar hjá Framvegis eru til staðar fyrir þig ef þú ert eldri en 20 ára og hefur ekki útskrifast úr framhaldsskóla.

Við leggjum áherslu á að:

- finna leiðir til að efla og styrkja einstaklinga
- upplýsa um nám og störf
- veita ráðgjöf um raunfærnimat
- aðstoða við gerð ferilskrár og/eða færnimöppu
- takast á við hindranir í námi eða starfi
- finna hvar hæfileikum er best varið t.d. með áhugakönnun

RAUNFÆRNIMAT

Raunfærnimati er ætlað að meta þá færni og þekkingu sem þú hefur öðlast í starfi og frítíma. Gengið er út frá því að eðlilegt sé að meta færni sem til staðar er óháð því hvernig hennar hefur verið aflað. Mat á raunfærni byggir á þeirri hugmynd að allt nám sé verðmætt og að það sé skjalfest óháð því hvar þess hefur verið aflað, í skóla eða í starfi. Framvegis heldur utan um raunfærnimat gagnvart Tölvubraut Upplýsingatækniskólans.

MARKVISS OG KERFISBUNDIN STARFSMANNABRÓUN

Framvegis – miðstöð símenntunar býður fyrirtækjum og stofnunum þjónustu við að greina þarfir fyrir fræðslu, þjálfun og annað sem tengist uppbyggingu starfsmanna og notar til þess faglega greiningaraðferð sem ber heitið Markviss.



Nánari upplýsingar veitir starfsfólk Framvegis í síma 581 1900
eða í gegnum netfangið framvegis@framvegis.is